



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á hátíðarsamkomu
í Vík
í tilefni af opinberri heimsókn forsetahjóna
í Mýrdalshrepp
29. mars 2023**

Sveitarstjóri, oddviti, sveitarstjórn
og aðrir áheyrendur.

Dear guests who are not fluent in Icelandic.

I will deliver my address in Icelandic but then conclude with a few words in English.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég þá gestrisni og góðvild sem við höfum notið í heimsókn okkar í Mýrdalshrepp. Í gær og í dag höfum við farið víða, kynnst mannlífi og menningu, atvinnuháttum og alls kyns sóknarfærum.

Náttúran er hér allt um kring, gjöful að jafnaði en varhugaverð sömuleiðis og enginn skyldi vanmeta afl hennar. „Það er rigning og myrkur og meinlegir skuggar / á Mýrdalssandi og hvergi skjól að fá.“ Þannig sungu Bubbi Morthens og Rúnar Júlíusson á sínum tíma og Einar Ólafur Sveinsson, fræðimaðurinn sem fæddist að Höfðabrekku, skrifaði um skýin sem hann segir að sjáist einatt í Mýrdalnum. „Alls konar ský,“ sagði hann: „Allar tegundir af netjaskýjum, hnoðrum, þámi, blikum, bökkum, klökkum, þokuskýjum, að ógleymdum klósígum; ský með alls konar svip, góðleg, þungbúin, köld, illileg, sem fá margvíslegan litblæ eftir stundum dags, birtu lofts, skini sólar. En einkum grá ský, úthafsský, fylking, grúi, með alls konar lagi eða engu lagi; rök, svala heitum huga. Sunnanátt, manni finnst hún ekki komin frá neinum löndum, heldur frá endalausum geimi yfir víðum útsæ.“

Norðan megin gnæfir Katla svo yfir, ægifögur og ætíð þurfum við að geta brugðist við hræringum hennar. Og má ekki einmitt vera að í þeirri sambúð hafi Skaftfellingar þróað með sér jafnaðargeð, stillingu og æðruleysi? Lesið hef ég að þeir lýsi Biblíunni svo að í henni sé hvorki já né nei og séu þeir spurðir hvort þeir ætla að bregða sér bæjarleið verði svarið eitthvað á þessa leið: Það hefur kannski flogið fyrir, eða: Einhverjum hefur jafnvel dottið það í hug, eða: Vart er það nú með öllu ólíklegt.

Ekki legg ég lokadóm á þessa speki en segi það hiklaust hér og nú að við Eliza munum hverfa á braut með ljúfar minningar í farteskinu. Og auðvitað höldum við hingað á ný fyrr en varir! Hvernig er annað hægt? Þið Mýrdælingar búið við þjóðbraut, þjóðvegurinn liggur um Vík og straumurinn stöðugur milli landshluta. Þá hef ég okkur Íslendinga ekki aðeins í huga heldur einnig þá góðu gesti sem flykkjast hingað, forvitnir um land og þjóð. Hér hefur ferðapjónusta vaxið og dafnað á nýrri öld og sú verður eflaust einnig raunin næstu ár og áratugi.

Já, við erum viss um að fólk streymi áfram á þessar slóðir. Við vitum ekki alveg hvaðan þau munu koma eða hvað þau heita. Á hinn bóginn höfum við lengi þóst vita hver það voru sem gengu um þetta hérað, fyrst manna. Eins og mörg ykkar þekkið eflaust segir í Landnámu frá Hjörleifi, fóstbróður Ingólfs, sem lét gera skála á höfðanum sem er kenndur við hann og bjuggu þau Helga kona hans þar með sínu liði um tíma.

Ekki er rúm til að rekja þá sögu frekar nú en þetta voru sem sagt fyrstu manneskjurnar sem gerðu sér bústað hér í sveit, auk þeirra sem fylgdu í kjölfarið ef marka má frásagnir af landnámi Íslands. Einmitt – *ef* marka má þann sagnaarf! Í heimi fræða hefur vaknað efi um tilvist þessara kappa, Ingólfs og Hjörleifs, eða í það minnsta um sögur af þeim hér á landi. Rök eru leidd að því að nokkrum öldum síðar hafi voldugir höfðingjar látið sagnaritara færa í stílinn eða skálda frásagnir af þessu tagi.

Svo megum við auðvitað halda því til haga að í Íslendingabók Ara fróða er ekki sagt frá neinum Hjörleifi, bara Ingólfi, og skýtur það nú skökku við. Og af því að ég velti vöngum yfir því hverjir hafi drepið hér niður fæti fyrstir manna skulum við rifja upp hitt sem Ari skrifar, að hér hafi verið „menn kristnir, þeir er Norðmenn kalla Papa, en þeir fóru síðan á braut af því að þeir vildu eigi vera hér við heiðna menn og létu eftir bækur írskar og bagla“.

Þeir voru þá á undan en hvaða heimildir höfum við? Ofan við Fagradal hér í Mýrdalshreppi hvílir steinskip, blágrýtishella sem hefur verið höggvin til. Hverjir gerðu það og hvers vegna? Fullnaðarsvar fáum við seint en svona er saga landnámsins, lifandi fortíð þar sem bæði þarf að efast og sannreyna, spyrja spurninga, geta í eyður og, jú, stefna ætíð að því að hafa það sem sannara reynist.

Kæru gestir! Hitt vitum við fyrir víst að hér í byggð hefur fólk búið í meira en þúsund ár, lifað af landsins gæðum og líka sótt sjóinn. Það liggur við að þetta segi sig sjálft en hér njótum við heldur betur rannsókna og skrifa um liðna tíð. Að öðrum ólöstuðum þakka ég þann skerf sem lagður hefur verið fram í Dynskógum, tímariti samnefnds Sögufélags Vestur-Skaftfellinga. Einnig leyfi ég mér að nefna stórvirki Kjartans Ólafssonar um verslunarsögu héraðsins og svo mætti hugsa til endurminninga fjölmargra sem hér hafa búið og unnið í sveita síns andlitis.

Í öllum þessum ritum finnum við vitneskju um samfélag sem breyttist lítt öldum saman en umbyltist svo við upphaf síðustu aldar eða þar um bil. Mér segir svo hugur að þegar fram líða stundir verði nýliðin aldamót talin marka enn meiri tímamót. Nú er svo komið að í byggðarlaginu eru þau fleiri sem eiga rætur utan landsteina en hin sem geta rakið ættir sínir til nafngreindra manna í Landnámu.

Þannig hefur samfélagið breyst á skömmum tíma og eflaust fylgja því ýmsar áskoranir. Þeim getum við mætt af þeim dugnaði, jafnaðargeði og hlýju sem fólk hér hefur svo lengi búið yfir. Ég sagði einum sveitunga mínum frá því að ég væri á leið hingað og hann bað mig um að skila kærri kveðju til allra Mýrdælinga. Justin Shouse heitir hann og lék hér körfubolta með Drangi, sællar minningar. Hann sagði að ekki hefði liðið vika án þess að honum væri boðið í kvöldmat einhvers staðar í bænum og alltaf myndi hann geyma góðar minningar um dvölinna hér.

Dear residents of Vík! In my speech I have touched on the rich history of this region in Iceland, the closeness to the sea and the mountains, with Katla in the foreground. I also mentioned sources about the first people who may have settled here, well over a thousand years ago. We don't know exactly who they were or when they arrived. What we do know, however, is that a new settlement has begun. Today, the majority of people living in the municipality of Mýrdalshreppur have some roots abroad. While I know that many of you have been here for several years, I use the opportunity, on behalf of my wife Eliza and myself, to welcome you all to Iceland.

It can be challenging and difficult to move to a new country. There may be obstacles in the way, prejudice and various disadvantages, racism or xenophobia. Still, there are also opportunities to work and study, to enjoy the benefits of society. And, fortunately, surveys indicate that most of those who move to Iceland from abroad are content with life in our country.

Language must be an important factor. We need to communicate, we need to speak with each other. The Icelandic language will remain paramount in this country – one of the pillars of our national identity. Therefore, we must make

sure that people who settle in Iceland can learn Icelandic, that free or inexpensive courses are available and that employees can be given time to learn Icelandic. Furthermore, those of us who have Icelandic as our mother-tongue, must be understanding towards those who do not know the language.

Dear friends: In the end, what is most important is not the language we speak – but what we actually say to each other. I thank you all for your vital contribution to society here in Vík and in the whole of Iceland. Together, we can make sure that this vibrant region continues to thrive and prosper, to the benefit of us all.

I thank you all for the hospitality and kindness that Eliza and I have enjoyed during our visit.

Ágætu Mýrdælingar: Fyrir hönd okkar Elizu ítreka ég þakkir okkar fyrir þann velvilja sem við höfum notið í heimsókn okkar. Við óskum ykkur alls velfarnaðar í bráð og lengd og hlökkum til að sjá þetta byggðarlag eflast og þróast, ykkur sjálfum og samfélaginu öllu til heilla.